

Hefjum upp aðvörunarraust

HENRY B. EYRING FORSETI

fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Sökum gæsku sinnar kallar Drottinn þjóna til að vara fólk við. Köllun þessi um að aðvara verður erfiðari og mikilvægari fyrir þá staðreynd að fólk gerir sér ekki grein fyrir hinni aðsteðjandi hættu. Tökum tilfelli Jónasar. Í fyrstu vildi hann ekki gangast við því kalli Drottins að aðvara íbúa Nínevu, sem blindaðir voru gagnvart hættu syndar. Honum var ljóst að ranglátt fólk hafði um aldir hafnað spámönnunum og stundum tekið þá af lífi. En þegar Jónas gekk fram í trú blessaði Drottinn hann með öryggi og árangri.


Við getum einnig lært af reynslu okkar sem foreldrar og sem börn. Þau okkar sem erum foreldrar hafa upplifað kvíða er við skynjum að börn okkar eru í hættu sem þau átta sig ekki sjálf á. Fáar bænir eru jafn innilegar og þær sem foreldrar flytja í von um að fá að vita hvernig koma eigi barni í skilning um aðsteðjandi hættu. Flest höfum við skynjað blessun þess að hlusta á og fara eftir aðvörunarraust foreldris.

Ég minnst þess enn hve móðir mín talaði eitt sinn ljúflega til mín á laugardagssíðdegi þegar ég var lítill drengur og bað hana

um að fá að gera eitthvað sem mér fannst afskaplega eðlilegt, en henni fannst áhættusamt. Ég furða mig á þeim krafti sem hún bjó yfir, frá Drottni trúí ég, til að fá mig til að skipta um skoðun með fáeinum orðum. Þau voru, líkt og ég minnst þeirra: „Ó, ég býst við því að þú *gætir* gert það. En þú átt *valið*.“ Aðvörun hennar fólst aðeins í þeirri áherslu sem hún lagði á orðin *gætir* og *valið*. Það nægði mér þó.

Sá kraftur sem hún bjó yfir til að aðvara með fáeinum orðum átti rætur í þrennu sem ég vissi um hana. Í fyrsta lagi vissi ég að hún elskaði mig. Í öðru lagi vissi ég að hún hafði tekist á við álíka aðstæður og hlotið blessun fyrir að velja hið rétta. Og í þriðja lagi hafði hún veitt mér þann óhagganlega vitnisburð sinn um að val mitt væri svo mikilvægt að Drottinn myndi greina mér frá því hvað gera skyldi, ef ég spyrdi hann. Elska, fordæmi og vitnisburður: Þetta voru lykilatriðin þann dag og hafa ætíð verið það þegar ég hef notið þeirrar blessunar að hlýða á aðvaranir þjóna Drottins og fylgja þeim.

Geta okkar til að snerta aðra með rödd viðvörunar er mikilvæg fyrir alla sem eru



sáttmálslærisveinar Jesú Krists. Hér er áskorun sem ætluð er öllum þegnum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu: „Sjá, ég sendi yður til að bera vitni og aðvara fólkið, og hverjum manni sem fengið hefur viðvörðun ber að aðvara náunga sinn“ (K&S 88:81).

Aðvörðunarskylda okkar

Sú skylda að aðvara náunga okkar er allra þeirra sem hafa tekið á sig sáttmála skírnar. Okkur ber að tala við vini okkar og ættingja um fagnaðarerindið. Markmið okkar er að bjóða þeim kennslu trúboðanna, sem eru kallaðir og settir í embætti til að kenna. Þegar einhver ákveður að þiggja boð okkar um kennslu, hefur „tilvísun“ sem lofar góðu verið komið á, sem eykur líkurnar til muna á að sá fari ofan í skírnavatnið og verði trúfastur.

Við þegnar kirkjunnar getum ekki búist við því að trúboðar eða deildar- eða greinartrúboðar bjóði okkur þá hjálp að gera lista yfir þá sem við getum miðlað fagnaðarerindinu. Trúboðar gætu lagt til að þið hugleidduð ættmenni, nágranna og samstarfsfólk. Þeir gætu beðið ykkur að ákveða einhvern dag sem þið reynduð að búa einhvern einstakling eða fjölskyldu undir kennslu trúboða. Ég hef upplifað slíkt. Ég og fjölskylda mín tókum þessu boði trúboða, sem leiddi til þess að ég naut þeirrar blessunar að skíra ekkju nokkra á áttæðisaldri sem trúboðssystir hafði kennt.

Þegar ég lagði hendur á höfuð hennar til að staðfesta hana sem meðlim kirkjunnar, fann ég mig knúinn til að segja að þessi ákvörðun hennar um að láta skírast yrði mörgum ættliðum fjölskyldu hennar til blessunar, bæði á undan og eftir henni. Eftir að hún dó átti ég þess kost að vera í musterinu ásamt syni hennar, er hann innsiglaðist henni.

Þið kunið að hafa upplifað þetta með fólki sem þið hafið boðið kennslu og vitið því að fáar stundir eru ljúfari en slíkar. Þessi orð Drottins eiga við um trúboða og okkur öll: „Og verði nú gleði yðar mikil með einni sál, sem þér hafið leitt til mín inn í ríki föður míns, hversu mikil yrði þá gleði yðar, ef þér leidduð margar sálir til mín!“ (K&S 18:16).

Trúboðar munu hjálpa og hvetja okkur, en hvort við upplifum slíkar stundir við skírnarfontinn og í musterinu er að miklu leyti komið undir því hvernig við lítum á ábyrgð okkar og hvernig við öxlum hana. Drottinn myndi ekki nota orðið *aðvara* ef hættan væri engin. Þó

eru ekki margir sem skynja hana. Fólk er fast í því fari að horfa framhjá auknum vísbendingum um upplausn samfélagsins og að líf þess og fjölskyldu skorti þann frið sem það eitt sinn taldi mögulegan. Tilhneiging þessi, að horfa framhjá hættumerkjum, kann að auðvelda okkur að hugsa sem svo: „Hvers vegna ætti ég að ræða við einhvern um fagnaðarerindið sem virðist ánægður? Hver er hættan fyrir hann eða mig ef ég geri eða segi ekkert?“

Það kann að vera erfitt að greina hættuna, en hún er raunveruleg, bæði fyrir aðra og okkur. Allir sem þið hafið átt samskipti við í þessu lífi munu til að mynda einhvern tíma vita í komandi heimi það sem þið vitið nú. Þeir munu vita að eina leiðin til að lifa ævarandi í návist fjölskyldu okkar og himnesks föður og sonar hans, Jesú Krists, er að velja að fara inn um hlið skírnar fyrir tilstilli valdhafa Guðs. Þeir munu vita, að fjölskyldur geta aðeins verið saman að eilífu með því að gera og halda helga sáttmála sem þeim stendur til boða í musterum Guðs á þessari jörðu. Þeir munu vita, að þið vissuð það. Og þeir munu vita, hvort þið buðuð þeim það sem aðrir buðu ykkur.

Það er auðvelt að segja: „Þetta er ekki rétti tíminn.“ En það er áhættusamt að fresta hlutunum. Fyrir mörgum árum starfaði ég með manni í Kaliforníu. Hann réð mig í vinnu, sýndi mér góðvild og virtist meta mig mikils. Ég var hugsanlega sá eini af Síðari daga heilögum sem hann var vel kunnugur. Ég geri mér ekki grein fyrir öllum ástæðum þess að ég frestaði því stöðugt að ræða við hann um fagnaðarerindið. Ég man bara eftir þeirri sorg sem ég upplifði þegar ég komst að því, að eftir að hann var kominn á eftirlaun og langt var á milli heimila okkar, hefðu hann og eiginkona hans látið lífið í bílslysi síðla kvölds á heimleið í Carmel, Kaliforníu. Hann elskaði eiginkonu sína. Hann elskaði börnin sín. Hann elskaði foreldra sína. Hann elskaði barnabörn sín og myndi vilja vera með börnum sínum alla eilífð.

Ég veit ekki hvernig verður með hina mörgu í komandi heimi. En ég býst við að ég hitti hann, hann muni horfa í augu mín og þar muni ég greina spurninguna: „Hal, þú vissir. Hvers vegna sagðir þú mér ekki frá því?“

Þegar mér verður hugsað um hann og ekkjuna sem ég skírði, og fjölskyldu hennar sem nú verður innsigluð henni og hvert öðru, vill ég gera betur. Ég vil auka hæfni mína til að bjóða fólki kennslu. Sú þrá, ásamt trú á að Guð hjálpi okkur, gerir okkur kleift að gera betur.

Elska í fyrirrúmi

Elskan þarf alltaf að vera í fyrirrúmi. Einstakt góðverk nægir oftast ekki. Drottinn lýsti elskunni sem við þurfum að búa yfir og þeir sem við bjóðum þurfa að skynja í okkur, líkt og hér segir: „Kærleikurinn er langlyndur,“ og hann „breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt“ (1 Kor 13:4, 7).

Ég hef séð hvað felst í slíku „langlyndi“ og „umburðarlyndi.“ Fjölskylda nokkur flutti í hús nærri okkur. Hverfið var nýbyggt og ég var því einn meðal margra Síðari daga heilagra sem oft var úti á kvöldin við að móta garðinn. Ég minnst síðasta kvöldsins er ég stóð við hlið fjölskylduföðurins, eftir að við höfðum lokið verkinu. Hann leit yfir verk okkar og sagði við okkur sem stóðum þar hjá: „Þetta er þriðji garðurinn sem þið mormónar hafið hjálpað okkur með og mér finnst þessi hafa tekist best.“ Og síðan sagði hann mér hljóðlega og ákveðið frá þeirri miklu ánægju sem hann upplifði í sinni eigin kirkju, en um það ræddum við oft þau ár sem hann bjó þar.

Allan þann tíma linnti aldrei þeim góðverkum sem hann og fjölskylda hans nuta, því nágrannar þeirra báru í raun mikla elsku til þeirra. Kvöld nokkurt kom ég heim og sá flutningabíl í heimkeyrslu þeirra. Mér hafði verið sagt að fjölskyldan hygðist flytja í annað fylki. Ég fór til þeirra og bauð fram hjálp mína. Ég kannaðist ekki við manninn sem bar húsmunina í bílinn. Hann sagði hljóðlega, er ég kom nær: „Sæll, bróðir Eyring.“ Ég þekkti hann ekki þótt hann væri sonur hans, því hann var nú fullorðinn, hafði gift sig og flutt í burtu. Og vegna þess að margir höfðu sýnt honum elsku var hann nú skírður meðlimur kirkjunnar. Ég þekki ekki hvernig þeirri sögu lauk, því hún á sér engan endi. En ég veit að hún hófst með elsku.

Í öðru lagi þurfum við að sýna betra fordæmi í því sem við bjóðum öðrum að gera. Í hinum myrkva heimi verður þetta boð frelsarans mikilvægara: „Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum“ (Matt 5:16).

Flest erum við hæversk og hugsam sem svo að okkar litla ljós fordæmis sér varla eftirtektarvert. En þér og fjölskyldu ykkar er veitt meiri eftirtekt en þið gerið ykkur grein fyrir. Fyrir nokkru gafst mér kostur á að sækja samkomur nærri 300 presta og leiðtoga annarra kirkna og ávarpa þá. Ég átti eintal við eins margar þeirra og

færi gafst. Ég spurði hvers vegna þeir hefðu haft slíkan áhuga á boðskap mínum, sem var að segja frá uppruna kirkjunnar, Fyrstu sýn hins unga Josephs Smith og lifandi spámönnum. Í öllum tilvikum var svar þeirra í meginatriðum það sama. Þeir sögðu frá einhverjum einstaklingi eða skyldmenni—kirkjuþegnum sem þeir þekktu. Oft var sagt: „Þau eru besta fjölskyldan sem ég hef kynnst.“ Oft minntust þeir á eitthvert samfélags—eða neyðarverkefni sem þegnar kirkjunnar höfðu leyst af hendi afar vel.

Þeir sem ég ræddi við á þessum samkomum báru enn ekki kennsl á sannleika kenningarinnar, en höfðu greint ávexti hennar í lífi meðlima og voru því undir það búnir að hlusta. Þeir voru undir það búnir að hlusta á sannleika endurreisnarinnar—að fjölskyldur geti verið saman að eilífu og að fagnaðarerindið geti breytt eðli okkar. Þeir voru þegar búnir undir það vegna fordæmis ykkar.

Í þriðja lagi þurfum við að standa okkur betur í því að bjóða með vitnisburði okkar. Elska og fordæmi munu ljúka upp dyrum, en við þurfum þó að ljúka upp munni okkar og gefa vitnisburð. Við njótum þessarar einföldu staðreyndar: Sannleikur og val eru óaðskiljanlega tengd. Að velja er nokkuð sem öll börn himnesks föður verða að gera til að geta hlotið vitnisburð um andlegan sannleika og þegar við eitt sinn þekkjum andlegan sannleika, verðum við að velja hvort við hyggjumst laga líf okkar að honum. Þegar við berum ástvinum okkar eða vinum vitni um sannleika, verðum við að fá þau til að skilja að þau þurfi að velja þegar þau hafa loks þekkt sannleikann sjálf. Hér eru tvö mikilvæg atriði: Að bjóða einhverjum að lesa Mormónsbók og að samþykkja að taka á móti kennslu trúboða.

Við verðum að lesa Mormónsbók til þess að komast að því að hún er sönn og velja líkt og segir í Moróní: Biðja til þess að vita hvort hún sé sönn (sjá Moró 10:3–5). Þegar við höfum gert það getum við borið vinum okkar vitni af eigin reynslu um að þeir geti valið líkt og við og þekkt sama sannleikann. Þegar þeir vita að Mormónsbók er orð Guðs, þurfa þeir að horfast í augu við aðra ákvörðun: Hvort þeir eigi að þiggja boð ykkar um kennslu trúboða. Til að geta boðið slíkt með vitnisburði þurfið þið að vita að trúboðar eru kallaðir sem þjónar Guðs.

Þið getið hlotið þann vitnisburð með því að ákveða

að bjóða trúboðum á heimili ykkar til að kenna fjölskyldu ykkar og vinum. Trúboðar taka því boði fegins hendi. Þegar þið hafið sest hjá þeim við kennslu, líkt og ég hef gert, munuð þið vita að þeir eru innblásnir meiri krafti en aldur þeirra og menntun segir til um. Þegar þið svo bjóðið öðrum að ákveða að taka á móti kennslu trúboða, getið þið borið vitni um að þeir muni kenna sannleikann og bjóða þá valkosti sem leiði til hamingju.

Fullvissa

Hugsanlega finnst einhverjum okkar erfitt að hafa trú á að við búum yfir nægilega mikilli elsku, að líf okkar sé nægilega gott eða að við eigum nægilega kröftugan vitnisburð til þess að náungi okkar þiggi boð okkar. En Drottinn var ljóst að við gætum upplifað slíkar tilfinningar. Hlustið á hvetjandi orð hans, sem hann veitti leiðsögn um að vera skyldu fremst í Kenningu og sáttmála, þegar hann fól okkur ábyrgð okkar: „Og aðvörunarraust mun berast öllum lýðum af munnni lærisveina minna, sem ég hef útvalið á þessum síðustu dögum“ (K&S 1:4).

Og hlustið síðan á lýsingu hans á eiginleikum þessara lærisveina—sem eru við: „Hið veika í heiminum mun koma og brjóta niður hina máttugu og sterku“ (K&S 1:19).

Og síðan aftur: „Að hinir veiku og einföldu fái boðað fyllingu fagnaðarerindisins til endimarka heims“ (K&S 1:23).

Og enn aftur: „Og sem þeir væru auðmjúkir, svo mættu þeir styrkir verða og hljóta blessun frá upphæðum“ (K&S 1:28).

Þessi fullvissa var veitt fyrstu trúboðum kirkjunnar og trúboðum okkar tíma. En hún er einnig veitt okkur öllum. Við verðum að hafa trú á því að við getum elskað

nægilega og að fagnaðarerindið hafi haft slík áhrif á líf okkar að hlýtt verði á boð okkar um valkost sem kæmi það boð frá meistaranum, líkt og það gerir.

Hann er okkar fullkomna fordæmi um hvað gera skal. Þið hafið skynjað elsku hans og umhyggju, jafnvel þótt þið hafið ekki brugðist við henni, líkt og þeir sem þið ræðið við kunna einnig að gera. Aftur og aftur hefur hann boðið ykkur að taka á móti kennslu þjóna sinna. Þið hafið hugsanlega ekki áttað ykkur á boði hans með heimilis- og heimsóknarkennurum eða með símtali frá biskupi ykkar, en það eru boð hans um hjálpar og kennslu. Og Drottinn hefur ætíð gert afleiðingar ljósar og síðan leyft okkur að velja fyrir okkur sjálf.

Það sem Lehi, þjónn Drottins, kenndi sonum sínum á við okkur öll: „Og nú, synir mínir, óska ég, að þið lítið til hins mikla meðalgöngumanns og hlýðið hinum miklu boðorðum hans, séuð trúir orðum hans og veljið eilíft líf að vilja hans heilaga anda“ (2 Ne 2:28).

Og síðan hljótum við þessa hvatningu frá Jakob um að axla þá ábyrgð okkar að bera vitni, líkt og við verðum að gera. Að velja að taka á móti kennslu trúboða er að velja að setja stefnuna á eilíft líf, æðstu gjöf Guðs: „Herðið þess vegna upp hugann og minnst þess, að þér hafið frelsi til að breyta sjálfstætt—til að velja leiðina til ævarandi dauða eða leiðina til eilífs lífs“ (2 Ne 10:23).

Ég ber vitni um að aðeins það að taka á móti og lifa eftir hinu endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists færir þann frið sem Drottinn hefur lofað í þessu lífi og vonina um eilíft líf í komandi heimi. Ég ber vitni um að okkur hafa verið veitt þau forréttindi og sú ábyrgð að bjóða sannleikann og þá valkosti sem leiða til slíkra blessana í lífi barna himnesks föður, sem eru bræður okkar og systur. Jesús er Kristur, hann lifir og þetta er verk hans.

FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaranda kynnt ykkur boðskap þennan, skuluð þið miðla honum þannig að þeir sem þið kennið séu þátttakendur með ykkur. Nokkur dæmi fara hér á eftir:

1. Búið til þrjá lykla út pappír og skráið á þá „Elska,“ „Fordæmi“ og „Vitnisburður.“ Segið sögu Eyrings forseta um móður hans. Sýnið lyklana þrjá og spyrjið fjölskylduna um virkni þeirra í sögunni. Notið dæmi úr greininni til að útskýra mikilvægi þess að aðvara náunga okkar. Biðjið fjölskylduna að koma með ábendingar um hvernig lyklarnir þrír geti hjálpað okkur að aðvara náunga okkar. Ljúkið á því að lesa vitnisburð Eyrings forseta í síðustu málsgreininni.

2. Hugleiðið að hafa með ykkur sælgæti eða smákökur fyrir fjölskylduna sem þið vitjið. Staðsetjið það þannig að það sé öllum sýnilegt, en bjóðið henni ekki að fá sér. Segið söguna um manninn frá Kaliforníu sem starfaði með Eyring forseta. Ræðið hvernig Eyring forseta leið eftir að hann komst að því að hann hafði látist. Spyrjið fjölskylduna hvað henni myndist ef þið færuð án þess að bjóða henni sælgætismola. Ræðið hvernig við getum miðlað öðrum fagnaðareringinu.